



VARUÐ
Ammoniak

Öryggi við ammóníaks kæli- og varmadælukerfi



VARUÐ
Skadlegt eða
erandi efni

Ammóníak er rokgjarnt, létt efni og safnast því ekki fyrir á lægstu stöðum. Það hefur sterka, og óþægilega ljkt, sem flestir finna greinilega, jafnvel þó litlu magni sé. Vegna þess að ammóníak gerir greinilega vart við sig þarf ekki sérstök aðvörunkerfi fyrir það. Enginn dýlest ótlneyddur lengur en nauðsynlegt er í rými þar sem magn efnisins er það mikið að það sé hættulegt. Ammóníak er léttara en loft og þess vegna er hæfileg loftþæsting nægjanleg til að koma í veg fyrir að efnið safnist saman.

Reynslan sýnir að mjög erfitt er að kveikja í ammóníaki og við venjulegar aðstæður er það mjög stöðugt efni. Ammóníak getur orðið eldfimt ef það er blandað, nærri hreinu, saman við súrefni og loft. Í því forni verður að meðhöndlast gætilega.

MUNID: KERFI GETUR ALDREI ORÐIÐ OF ÖRUGGT ÖRYGGI Á AÐ VERA LÍFSSTÍLL.

1. Passa verður að loftþæsting sé nægjanleg og í góðu ástandi.
2. Fylgist vel með neyðarlýsingu, neyðarútgöngum og gasgrímum og að alltaf séu til auka fltslur í gasgrímurnar.

Öryggisráðstafanir

3. Passa skal að alltaf sé fyrir hendi langt reipi til að binda um mann ef nauðsynlegt verður að fara inn í rými sem er fullt af kælimiðli. Reipið á að tryggja að maðurinn finni leiðina til baka og þar að auki tryggir það að hægt er að finna hann ef eitthvað kemur fyrir. Enginn skal fara inn í rými sem fylgst hefur af kælimiðli án þess að einhver annar sé nálægur.
4. Fylgist vel með hitastigi kælimiðlisins eftir pressu og einnig smurólíuhitastiginu. Haldið þessum hitastigum alltaf innan við þau mörk sem framleiðandinn gefur upp. Stöðvið pressuna og finnið ástæðuna ef hitinn fer upp fyrir hámarkið.
5. Forðist að ganga á kæliörum. Ónauðsynlegur titringur og hristingur á rörum stöðvist strax.
6. Viðhald á hlífum yfir reimum og drifsköftum má aldrei bregðast.
7. Passið uppá að öryggis-lökaloönum sé haldið við.
8. ALDREI skal loka stopploka á kít fylltum kælimiðli ef hann er ekki útbúinn með réttum öryggisloka. Passið að kælimiðliskútar og flöskur hitni ekki.
9. Til að hindra yfirþrýsting skal kælimiðilsdæla búin réttum öryggis-loka, hvort sem um er að ræða stimplidælu eða miðflóttaaflsdælu.
10. Viðgerðarmenn í kæli og vélarýmum skulu alltaf vinna tveir og tveir saman.
11. Útbúin skal neyðarátætlun og hún kynnt starfsmönnum og æfð. Allir skulu vita staðsetningu á aðal vökva stopplokanum, vatns-slöngu og stopprofum fyrir pressuna.
12. Verið öruggir um að slökkvitæki sé í góðu lagi og að fjöldi þeirra sé nægur og þau staðsett á réttum stöðum.
13. Verið ávallt með gasgrímu við viðgerðir á svæðum þar sem hættu er á kælimiðlisleka.

Neyðaraðstoð

**HAFIÐ ÁVALT FLÖSKU MED AUGNSKOLI VIÐ HENDINA
SEM INNIHELDUR LAUSN MED 2,5% BÓRAX
OG 2,5% BÓRSÝRU Í EIMUÐU VATNI**

Við innöndun á gasi

1. Flytjið, þann sem hefur andað að sér gasi, strax út undir ferskt loft.
2. Kallið á lækni.
3. Fjarlægjið fót sem hafa blótnað af vökva eða fengið í sig gas.
4. Haldið hinum slasaða í ró og veifið hann teppum.
5. Ef persónan er með meðvitund og ekki brennd, skal henni gefið sætt te eða kaffi.
6. Sjúkraflutningamenn eða læknar geta gefið súrefni.
7. Ef öndun stoppar skal blásið lífi í hinn slasaða með munn við munn aðferðinni.

Ef ammóníaksleittur eða gas fer í augu

1. Skolið strax augun með upplausn af 2,5% Bórax og 2,5% Bórýru í einuðu vatni og haldið því áfram í að minnsta kosti 30 mínútur.
2. Kallið á lækni.
Bruni vegna ammóníaksvökva eða gass

1. Skolið strax með miklu vatni og haldið áfram í minnst 15 mínútur. Fjarlægjið ól fót á meðan skulun stendur (ávallt skal vera sturta eða vatnskar í námunnda við ól strærri kerfi).
2. Kallið á lækni.
3. Eftir skulun skal leggja tuskur vættar í upplausn af 2,5% Bórax og 2,5% Bórýru í einuðu vatni, á þá staði sem orðið hafa fyrir bruna og hafa þar þangað tillæknirinn kemur.

